



**SÓKNARÁÆTLUN**  
SUÐURLANDS



**SASS**  
SAMTÖK  
SUNNLENSKRA  
SVEITARFÉLAGA

# Árangurskönnun Uppbyggingarsjóðs Suðurlands

Niðurstöður könnunar um árangursmat styrktra verkefna úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands sem unnin voru á árinu 2020. Könnun framkvæmd í lok árs 2022.

26. júní 2023  
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

# Menning

- Könnun þessi fjallar um árangur og þjónustu er tengjast verkefnum sem hlotið hafa styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands.
- Könnunin er send út á alla þá styrkþega sem hlutu styrk úr menningarhluta Uppbyggingarsjóðs Suðurlands árið 2020 og hefur öllum verkefnum verið lokið á einn eða annan hátt.
- Könnun þessi var send út á samtals 100 styrkþega og fengust svör frá 23 eða samtals 23% svörun.
- Könnunin var framkvæmd á tímabilinu 29. ágúst - 9. september 2022, send var út ein áminning.



**SASS**  
SAMTÖK  
SUNNLEUSKRA  
SVEITARFÉLAGA




**SÓKNARÁÆTLUN**  
SUÐURLANDS

# Flokkur verkefna og upphæð styrkveitingar


Þegar spurt var um hvaða flokki verkefnin tilheyra svöruðu því flestir að verkefnið tilheyrði flokki Tónlistar, þar á eftir kom flokkurinn Menningararfur/safnamál.

Allir sem svöruðu könnuninni luku styrkveitingu með lokaskýrslu. Meirihluti verkefna hlutu styrk að hausti 2020. Algengustu styrkupphæðirnar voru á bilinu 251-500 þúsund.


Hvaða flokki verkefna tilheyrir þitt verkefni?



Vor eða haust? Hér er spurt hvenær verkefnið hlaut styrk. Nokkuð fleiri hlutu styrk að hausti enn að vori.



Hver var upphæð styrksins sem verkefnið hlaut?




# Árangur verkefnis


Áhugavert er að sjá að tæp 70% þátttakenda svara því til að þeir telji að verkefnið hefði ekki orðið að veruleika ef styrkveiting hefði ekki fengist.

Þeir sem héldu viðburð eða samkomu voru flestir að fá á bilinu 101-500 manns inn á samkomuna og nánast allir styrkþegar töldu árangur verkefnisins með tilliti til markmiða sjóðsins vera mjög góðan eða frekar góðan.


Ef um viðburð/samkomu var að ræða,  
hversu margir mættu?



Telur þú að verkefnið hefði orðið að veruleika ef styrkveitingin hefði ekki fengist?




Hvernig metur þú árangur á verkefninu með tilliti til markmiða sjóðsins um að "efla menningarstarfsemi og listsköpun á Suðurlandi"?




# Árangur verkefnis

Þegar spurt er um mögulegt framhald á verkefninu telja tæplega 76% að svo verði. Tæp 48% telja að stærð og fjöldi styrkveitinga eigi að ráðast af eðli umsókna eða verkefna hverju sinni og tæp 35% að fjölbreytni eigi að ríkja í stærð styrkveitinga. 100% eru á þeirri skoðun að það eigi að vera tvær úthlutanir á ári, að vori og að hausti.


Telur þú mögulegt að framhald verði á verkefninu?



Hvað lýsir almennt best skoðun þinni á stærð og fjölda styrkveitinga til menningarverkefna á Suðurlandi?




Hver er þín skoðun á viðeigandi fjölda úthlutana á hverju ári?




# Ánægja styrkþega

Um 87% eru frekar eða mjög ánægð með styrkveitingu á vegum SASS. Um 91% eru frekar eða mjög ánægð með handleiðslu og eftirfylgni og rúm 78% frekar eða mjög ánægð með útgreiðslu styrkveitinga.


Pegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með styrkveitingu á vegum SASS?



Pegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með handleiðslu og eftirfylgni ráðgjafa á vegum SASS?




Pegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með útgreiðslu styrkveitinga?



# Stuðningsþjónusta

Niðurstöður eru afgerandi þegar spurt er um hvort þörf sé á aukinni stuðningsþjónustu við menningu og listir og telja langflestir þörf vera á aukinni þjónustu eða tæp 74%. Þetta eru sambærilegar niðurstöður og fyrri ár. Fyrstu þrjú atriðin á listanum eru þau sömu og í fyrra og voru þá einnig í sömu röð.

Finnst þér þörf á aukinni stuðningsþjónustu við menningu- og listir á Suðurlandi?



Hvers konar stuðningsþjónustu finnst þér helst vanta?  
(Hér má haka við fleiri en einn valmöguleika)

ANSWER CHOICES	RESPONSES	
▼ Aðstoð við fjármál og/eða fjármögnun	34.78%	8
▼ Aðstoð við gerð styrkumsókna í aðra sjóði	30.43%	7
▼ Aðstoð við markaðsmál	30.43%	7
▼ Annað, þá hvað	Responses	26.09%
▼ Eftirfylgni styrkveitinga	17.39%	4
▼ Aðstoð við verkefnastjórnun	17.39%	4
▼ Handleiðslu og ráðgjöf	13.04%	3
▼ Aðgengi að fræðslu og þekkingu	13.04%	3
▼ Aðstoð við útflutning	8.70%	2
▼ Upplýsingaþjónusta	8.70%	2
▼ Aðstoð við gerð styrkumsókna í Uppbyggjarsjóð	4.35%	1
Total Respondents: 23		

# Annað sem styrkhafar vildu koma á framfæri

Við höfum í gegnum tíðina verið þakklátt fyrir þann skilning sem starfsemi okkar hefur notið við úthlutun styrks þegar við höfum sótt um. Við rekum gestavinnustofur fyrir listamenn sem koma víðsvegar að úr heiminum til að sinna vinnu sinni. Alltaf þegar færi gefst höldum við námskeið, opin hús og sýningar sem almenningur á öllum aldri hefur haft aðgang að. Við spilum því af fingrum fram eftir því hverjir eru hjá okkur hverju sinni og hversu örlátir þeir eru á að deila þekkingu sinni og dýmætum tíma.

Öll afgreiðsla til fyrirmyndar af hálfu Uppbyggingarsjóðs SASS.

Ég tel að popptónlist fái allt of lítið fjármagn úr Uppbyggingarsjóði. Hugsanlega er ástæða þess hvernig valið er í úthlutunarnefndir, en í tilfalli þessa verkefnis var ljóst að styrkurinn dygði ekki nándar nærri fyrir því að ger það sem til stóð að gera. Því afþakkaði ég styrkinn.

Vill bara koma því á framfæri að hækka þarf menningarstyrkina og hafa þá hærrí og færri.

Styrk[ta]rformið er með flóknara móti miðað við hversu lágar upphæði[r] fást almennt.

Takk kærlega fyrir mig !

Punglamalegt umsóknarkerfi. Erfitt að nálgast upplýsingar um það sem hefur verið skilað inn

Takk fyrir að styrkja okkur.

Ég sótti um styrk til að útbúa þjálfunarefni í íslensku og (fékk viljrði fyrir 300.000). Ég bjó til þjálfunarefni, tók það upp og setti á netið – en lauk ekki við framhaldsverkefnið innan tímarammans. Ástæðan var að hluta til covid því ég safnaði gögnum um málnotkun með því að sækja viðburði/staði – en í heimsfaraldrinum var ekki auðvelt að gera það ! Í stað þess að vinna meira efni án stuðnings frá málnotendum frestaði ég framkvæmdum ... þannig að ég náði ekki að klára innan tímaramma fyrir styrkveitinguna og kláraði ekki áfangaskýrslu svo ég náði ekki heldur að nýta hlut af styrknum. Hins vegar eflði styrkloforðið mig ! Nú í sumar hef ég verið með tungumálþjálfun og samdi meira þjálfunarefni þannig að ég er sáttt við niðurstöðuna (þó þetta hafi endað sem sjálfboðavinna og ég gat ekki sett allan afraksturinn á netið eins og ég hugðist gera). – Yfir 50 manns tóku þátt í verkefninu mínu í sumar; sumir mættu í marga tíma en aðrir færri eins og gengur



## Niðurstaða

Niðurstaða könnunarinnar er mjög svipuð niðurstöðum árangurskannana síðustu ára. Almennt eru verkefni að ganga vel og styrkþegar flestir frekar eða mjög ánægðir. Almenn ánægja með styrkveitinguna er tæp 87%.

Eins og undanfarin ár er greinilegt að styrkþegar telja þörf á aukinni stuðningsþjónustu og eru það sömu 3 flokkarnir sem standa upp úr, þeir eru: aðstoð við fjármál og/eða fjármögnun, aðstoð við gerð styrkumsókna í aðra sjóði og aðstoð við markaðsmál. Rúmlega 26% styrkþega telja að það vanti aðra þjónustu enn þá sem nú þegar er í boði.

# Atvinnuþróun og Nýsköpun

- Könnun þessi fjallar um árangur og þjónustu er tengjast verkefnum sem hlotið hafa styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands.
- Könnunin var send út á alla þá styrkþega sem hlutu styrk úr atvinnuþróunar- og nýsköpunarhluta Uppbyggingarsjóðs Suðurlands árið 2020 og hefur öllum verkefnum verið lokið á einn eða annan hátt.
- Könnun þessi var send út á samtals 30 styrkþega og fengust aðeins svör frá 8 eða tæplega 27% svörun.
- Könnunin var framkvæmd á tímabilinu 29. ágúst - 9. september 2022, send var út ein áminning.



**SASS**  
SAMTÖK  
SUNNLENSKRA  
SVEITARFÉLAGA




**SÓKNARÁÆTLUN**  
SUÐURLANDS

# Flokkur verkefna


Þegar spurt var um hvaða flokki verkefnin tilheyra svöruðu því flestir að verkefnið tilheyrði flokki Skapandi greinar, þar á eftir komu flokkarnir Ferðapjónusta og Iðnaður sem hafa jöfn hlutföll, flokkarnir Matvæli og Landbúnaður þar á eftir með jöfn hlutföll.

Allir sem svöruðu könnuninni luku styrkveitingu með lokaskýrslu. Meirihluti verkefna hlutu styrk að hausti 2020.

Vor eða haust? Hér er spurt hvenær verkefnið hlaut styrk. Aðeins fleiri svarendur hlutu styrk að hausti en að vori.




Hvaða flokki verkefna tilheyrir þitt verkefni?




# Lok styrkveitingar, styrkuppþæð og árleg velta

Styrkuppþæð flestra verkefna var á bilinu 501 þúsund – 1 milljón. Árleg velta flestra var frá 0 – 5 m.kr.

Hver var upphæð styrksins sem verkefnið hlaut?




Hver var árleg velta á síðasta ári ?




# Velta

37 % styrkþega sem svöruðu könnuninni segja að eftir að verkefninu lauk hafi velta aukist. 62.5 % svarenda telja að styrkveiting á vegum SASS hafi átt þátt í að auka veltu eða muni eiga þátt í að auka veltu.

Eftir að verkefni lauk hefur velta aukist?




Telur þú að styrkveiting á vegum SASS hafi eða muni eiga þátt í að auka veltu ?




# Hagnaður

37.5 % svarenda segja að hagnaður hafi aukist eftir að verkefninu lauk. 87.5% svarenda telja að styrkveiting á vegum SASS hafi eða muni eiga þátt í því að auka hagnað.

Eftir að verkefni lauk hefur hagnaður aukist?




Telur þú að styrkveiting á vegum SASS hafi eða muni eiga þátt í að auka hagnað ?




# Störf og stöðugildi

50% telja að styrkveiting hafi átt þátt í að skapa störf. Ólíkt er hverskonar störf svarendur telji að skapist eins og sjá má hér að neðan.


Eftir að verkefni lauk hefur stöðugildum fjölgað?



Hefur styrkveiting á vegum SASS átt þátt í að skapa störf?




Hvers konar störf hefur styrkveitingin aðallega skapað?




## Þróun frumgerða og áætlanagerð

62.5 % svarenda segja að styrkveitingin hafi skilað sér í þróun frumgerðar vöru og/ eða þjónustu. Einnig að helmingur svarenda segir að styrkveitingin hafi skilað sér í gerð viðskiptaáætlunar og eða hagkvæmnikönnunar og 25% segjast gera ráð fyrir því innan 2 ára.

Hefur styrkveiting á vegum SASS skilað sér í þróun frumgerðar vöru og/eða þjónustu?



Hefur styrkveiting á vegum SASS skilað sér í gerð viðskiptaáætlunar og/ eða hagkvæmnikönnunar?







# Aukin markaðssókn og einkaleyfi

Helmingur þeirra sem að svöruðu könnuninni telja að styrkveiting á vegum SASS hafi leitt til aukinnar markaðssóknar innanlands. Þá gera 25% svarenda ráð fyrir því að það eigi eftir að gerast innan tveggja ára. 12.5% gerðu ráð fyrir því að fá einkaleyfi innan tveggja ára.

Hefur styrkveiting á vegum SASS leitt til aukinnar markaðssóknar?




Hefur styrkveiting á vegum SASS þegar leitt til einkaleyfis?




# Ný vara/þjónusta og önnur fjármögnun

Meirihluti þeirra sem að svöruðu könnuninni telja að styrkveiting á vegum SASS hafi leitt til eða gera ráð fyrir að hún muni leiða til þess að ný vara eða þjónusta verði sett á markað. Þá telja 25% svarenda að styrkurinn hafi leitt til annarrar fjármögnunar til verkefnisins.

Hefur styrkveiting á vegum SASS leitt til þess að ný vara eða þjónusta var sett á markað ?




Telur þú að styrkveitingin hafi leitt til annarrar fjármögnunar til verkefnisins, s.s. Aðrir styrkir eða önnur fyrirgreiðsla ?



# Árangur, stærð og fjöldi styrkveitinga

Helmingur svarenda er sammála því að stærð og fjöldi styrkveitinga á að ráðast af eðli umsókna/verkefna hverju sinni, 37.5 % svara að fjölbreytni eigi að ríkja í stærð styrkveitinga. Allir svarendur eru sammála því að halda eigi í fjölda úthlutana á ári, þ.e.a.s. eina að vori og eina að hausti. Meirihluti svarenda telja að árangur verkefnis með tilliti til markmiða sjóðsins hafa verið frekar eða mjög góður.


Hvað lýsir almennt best skoðun þinni á stærð og fjölda styrkveitinga til atvinnuþróunar – og nýsköpunarverkefna á Suðurlandi?



Hver er þín skoðun á viðeigandi fjölda úthlutana á hverju ári?




Hvernig metur þú árangur á verkefninu með tilliti til markmiða Sjóðsins um að „efla fjölbreytileika atvinnulífs og styðja við atvinnuskapandi- og/eða framleiðni aukandi verkefni á Suðurlandi“?




# Ánægja styrkþega

Ánægjulegt er að sjá að þegar spurt er um ánægju þegar á heildina er litið eru svarendur frekar eða mjög ánægðir með styrkveitingarnar. Meirihluti er mjög ánægður með útgreiðslu styrkja á vegum SASS. Helmingur svarenda eru mjög ánægðir með handleiðslu og eftirfylgni ráðgjafa og 25% eru frekar ánægðir.


Ánægja með styrkveitingu



Ánægja með handleiðslu og eftirfylgni ráðgjafa á vegum SASS




Ánægja með útgreiðslu styrkveitinga



## Stuðningsþjónusta

Niðurstöður er afgerandi þegar að spurt er um þörf fyrir aukinni stuðningsþjónustu við frumkvöðla og fyrirtæki. Langflestir svarenda telja þörf á aukinni þjónustu. Aðstoð við gerð við styrkumsókna í aðra sjóði ásamt aðstoð við fjármál og/eða fjármögnun sem og handleiðsla og ráðgjöf eru þar efst á blaði. Fjármál og/eða fjármögnun sem hefur verið í fyrsta sæti undan farin ár skiptir um sæti við aðstoð við gerð styrkumsókna í aðra sjóði.

Finnst þér þörf á aukinni stuðningsþjónustu við frumkvöðla eða fyrirtæki?



Hvers konar stuðningsþjónustu finnst þér helst vanta?  
(Hér má haka við fleiri en einn valmöguleika)

ANSWER CHOICES	RESPONSES	
▼ Aðstoð við gerð styrkumsókna í aðra sjóði	87.50%	7
▼ Aðstoð við fjármál og/eða fjármögnun	75.00%	6
▼ Handleiðslu og ráðgjöf	75.00%	6
▼ Aðstoð við markaðsmál	62.50%	5
▼ Upplýsingaþjónusta	62.50%	5
▼ Aðstoð við einkaleyfisumsóknir	62.50%	5
▼ Aðstoð við gerð styrkumsókna í Uppbyggjarsjóð	37.50%	3
▼ Eftirfylgni styrkveitinga	37.50%	3
▼ Handleiðslu í nýsköpun	37.50%	3
▼ Aðstoð við útflutning	25.00%	2
▼ Þróun vöru og þjónustu	25.00%	2
▼ Aðgengi að fræðslu og þekkingu	25.00%	2
▼ Aðstoð við rekstur og stjórnun	12.50%	1
▼ Annað, þá hvað	Responses 12.50%	1
▼ Aðstoð við stofnun fyrirtækja	0.00%	0
<b>Total Respondents: 8</b>		

## Niðurstaða

Niðurstaða könnunarinnar er mjög svipuð og niðurstaða árangurskannana síðustu ára. Verkefni eru að ganga vel og styrkþegar flestir frekar eða mjög ánægðir. Líkt og á undanförunum árum er greinilegt að styrkþegar telja þörf á aukinni stuðningsþjónustu. Þá standa þrír flokkar upp úr, þeir eru: aðstoð við gerð styrkumsókna í aðra sjóði, aðstoð við fjármál og/eða fjármögnun og handleiðsla og ráðgjöf.